

Föstudaginn 20. desember 1996.

Nr. 459/1996.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni og**

**Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Hæfi stjórnvalds.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arn-  
ljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánað-  
ar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Varnaraðilinn Jóhann Halldór Þorgeirsson krefst staðfestingar úr-  
skurðar héraðsdómara og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Varnaraðilinn Jóhanna Lucinda Vilhjálmsdóttir Heiðdal lætur málið ekki til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í hinum kærða úrskurði er rakinn gangur málsins, allt frá því að kæru vegna sakarefnisins var beint til Rannsóknarlögreglu ríkisins 9. janúar 1984. Af þeim tölum, sem hafa orðið á rannsókn og rekstri málsins, verður ekkert ályktað um neitt það, sem valdið getur van-  
hæfi ríkissaksóknara til að gegna hlutverki ákæranda í því vegna ákvæðis 1. mgr. 30. gr. laga nr. 19/1991. Eru því engin efni til að vísa málinu frá dómi af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Verður kærumálskostnaður ekki dæmdur.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðs-  
dómara að taka málið til efnismeðferðar.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 1996.

Ár 1996, mánudaginn 16. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakamálinu nr. 459/1996: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni og Jóhönnu Lucindu Vilhjálmstöttur Heiðdal.

Héraðsdómur í máli þessu frá 11. nóvember 1993 var ómerktur í Hæstarétti 23. júní 1994 og málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar, en málið var höfðað á hendur ákærða fyrir skjalafals og á hendur báðum ákærðu til upptöku á sjö veðskuldabréfum, hverju að fjárhæð 50.000 krónur, trygðum með veði í fasteign. En bréf þessi voru gefin út sem hluti af kaupverði, samtals að fjárhæð 3.500.000 krónur, vegna kaupa Kristjönu Guðmundstöttur, þá að Ásbúð 52 í Garðabæ, á heildverslun ákærðu, en þeim kaupum var rift með bréfi til ákærðu 29. júní 1984 og það staðfest í Hæstarétti 3. mars 1987. Sök ákærða var samkvæmt ákæru sú að hafa falsað framsalsáritanir á bréfin með því að hafa breytt ódagsettum eyðuframsölum ákærðu í framsöl til sjálfs sín á öll bréfin með dagsetningunni 1. október 1983 og á fjögur þeirra til viðbótar framsalsáritanir, dagsettar 1. janúar 1984, á firmanafn Kaupstofunnar, en bréfin hafði ákærði fengið hjá ákærðu.

Málið var tekið fyrir að nýju í dómnum 18. október sl. og kveðin upp í því tveir úrskurðir, 4. nóvember og 18. nóvember sl., hinn fyrri um þá kröfu ákæruvaldsins, að dómariinn viki sæti, en því var hafnað og það staðfest í Hæstarétti 11. nóvember sl. Með síðari úrskurðinum var þess synjað, að framhaldsrannsóknargögn frá RLR yrðu tekin út úr málinu.

Í þinghaldi 18. nóvember sl. var gerð krafa til þess af hálfu verjanda ákærðu, að ákæru málsins yrði vísað frá dómnum, og reisir verjandi kröfuna á ákvæðum V. kafla laga nr. 19/1991. Krafan var að loknum flutningi 20. nóvember sl. tekin til úrskurðar.

Rétt þykir að gera fyrst í meginatriðum grein fyrir rekstri máls þessa frá upphafi til þessa.

Kaupsamningur, sem leiddi til rannsóknar og ákæru, var gerður 29. júlí 1983.

Viðskiptin voru kærð til RLR með bréfi Arnmundar Backman, dagsettu 9. janúar 1984, sem auðgunarbrot af hálfu ákærðu.

Viðbótarkæra send RLR með bréfi sama aðila 27. janúar 1984.

Rannsókn var hafin hjá RLR með fyrirsparnarbréfi til SPRON 7. júní 1984.

Ákærða var yfirheyrd hjá RLR í fyrsta sinn 14. júní 1984.

SPRON svarar bréfi RLR með bréfi, dagsettu 15. júní 1984.

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR í fyrsta sinn 22. júní 1984.

Arnmundur Backman skrifar ákærðu bréf, dagsett 29. júní 1984, og óskar riftunar á samningnum.

Krafist, að lagt verði hald í 20 veðskuldabréf með bréfi til RLR 30. júlí 1984.

Rannsókn RLR send ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 14. nóvember 1984.

Ríkissaksóknari ritar RLR og biður um framhald rannsóknar með bréfi, dagsettu 3. janúar 1985.

Ákærði yfirheyrður hjá RLR öðru sinni 7. febrúar 1985.

Ákærða yfirheyrð hjá RLR öðru sinni 21. febrúar 1985.

Arnmundur Backman óskar þess með bréfi til RLR, dagsettu 27. ágúst 1985, að málinu verði hraðað.

Bæjarþing Kópavogs synjar með dómi 7. október 1985 um riftun kaupsamnings á milli ákærðu og Kristjönu Guðmundsdóttur.

Krafa um hald á 13 veðskuldabréfum tekin fyrir í sakadómi Ólafsvíkur 16. október 1985.

Úrskurður kveðinn upp í sakadómi Ólafsvíkur um hald á 13 veðskuldabréfum 18. nóvember 1985.

Úrskurðurinn óbirtur kærður til Hæstaréttar 14. janúar 1986.

Úrskurðurinn birtur umboðsmanni ákærða 23. janúar 1986.

Ákæruvaldið krefst í bréfi til Hæstaréttar, dagsettu 7. febrúar 1986, að úrskurðurinn verði staðfestur vegna sjö bréfanna.

Ákærði yfirheyrður hjá RLR í þriðja sinn 7. febrúar 1986.

Úrskurðurinn frá 18. nóvember 1985 ómerktur í Hæstarétti 12. febrúar 1986.

Þinghald í sakadómi Ólafsvíkur 1. mars 1986 haldið vegna haldskröfunnar.

Þinghald í sakadómi Ólafsvíkur 14. mars 1986 vegna haldskröfunnar.

Nýr úrskurður kveðinn upp í sakadómi Ólafsvíkur 30. apríl 1986 og heimilað að leggja hald á veðskuldabréfin sjö.

Úrskurðurinn birtur umboðsmanni ákærða og kærður til Hæstaréttar 28. maí 1986.

Greinargerð ákæruvaldsins vegna úrskurðarins send Hæstarétti með bréfi, dagsettu 9. júní 1986.

Úrskurðurinn staðfestur í Hæstarétti 16. júní 1986.

Hæstiréttur dæmir 3. mars 1987, að riftun kaupsamningsins 29. júní 1984 hafi verið heimil.

Fyrirspurn ákærða til rannsóknarlögreglustjóra í bréfi, dagsettu 24. september 1987, um það, hvar málið sé statt.

Lögmaður ákærða yfirheyrður af RLR 24. janúar 1988.

Ákærða yfirheyrð hjá RLR í þriðja sinn 23. mars 1988.

Málið sent frá RLR til ríkissaksóknara 18. apríl 1988.

Kæra Kristjönu Guðmundsdóttur til umboðsmanns Alþingis send ríkissaksóknara 14. febrúar 1989 og óskað upplýsinga.

Fyrirspurn ákærða til ríkissaksóknara í bréfi, dagsettu 27. febrúar 1989, þess efnis, hvenær búast megi við, að rannsókn málsins ljúki og hann fái skuldabréfin afhent.

Svarbréf ríkissaksóknara til umboðsmanns Alþingis, dagsett 18. apríl 1989.

Fyrirspurn Kristjönu Guðmundsdóttur til umboðsmanns Alþingis í bréfi, dags. 22. maí 1989, og m. a. um vanhæfi ríkissaksóknara.

Bréf umboðsmanns Alþingis vegna málsins sent ríkissaksóknara 8. júní 1989.

Ákærði ítrekar fyrirspurn sína til rannsóknarlögreglustjóra frá 24. september 1987 með bréfi til hans, dagsettu 30. mars 1990.

Lögmaður ákærða ritar RLR bréf 17. ágúst 1990 og krefst afhendingar skuldabréfanna og gerir áskilnað um bætur fyrir tjón ákærða vegna halds bréfanna.

Ákærða yfirheyrð af RLR í fjórða sinn 11. september 1990.

Ákærði yfirheyrður af RLR í fjórða sinn 14. september 1990.

Svarbréf umboðsmanns Alþingis til Kristjönu Guðmundsdóttur, dagsett 28. desember 1990.

Bréf umboðsmanns Alþingis, dagsett 28. desember 1990, til ríkissaksóknara, að afskiptum sínum af máli Kristjönu Guðmundsdóttur sé lokið.

Ítrekuð fyrirspurn ákærða til ríkissaksóknara í bréfi, dagsettu 12. mars 1992, þar sem ekki hafi verið svarað fyrirspurnum hans í bréfum, dagsettum 24. september 1987, 27. febrúar 1989 og 30. mars 1990.

Bréf ákærða til umboðsmanns Alþingis, dagsett 15. ágúst 1992, og vakin athygli á því, að ekki hafi fengist svör við fjórum fyrirspurnarbréfum, og jafnframt gerð fyrirspurn um þrjú atriði, er lúta að meðferð málsins.

Ákæra gefin út í málinu af ríkissaksóknara 7. september 1993 og send héraðsdómi sama dag.

Verjandi ákærðu skipaður 14. september 1993.

Málið þingfest 16. september 1993.

Sækjandi málsins mótmælir skipun Hilmars Ingimundarsonar hrl. sem verjanda 16. september 1993 og það tekið til úrskurðar í dóminum sama dag.

Synjað að skipa Hilmar sem verjanda með úrskurði dómsins 23. september 1993 og úrskurðurinn kærður sama dag til Hæstaréttar.

Úrskurður dómsins um að synja um skipun Hilmars staðfestur í Hæstarétti 4. október 1993.

Verjandi ákærða skipaður 6. október 1993.

Málið flutt og dómtekið 1. nóvember 1993.

Málið dæmt í dóminum 11. nóvember 1993 og ákærðu sýknuð.

Áfrýjunarstefna gefin út 17. nóvember 1993.

Áfrýjunarstefna birt ákærða 26. nóvember 1993.

Áfrýjunarstefna birt ákærðu 27. desember 1993.

Verjendur ákærðu skipaðir af Hæstarétti 29. desember 1993.

Umboðsmaður Alþingis svarar erindi ákærða með bréfi 6. janúar 1994 og kveðst ekki fjalla frekar um kvörtun hans, þar sem mál hafi verið höfðað á hendur honum.

Umboðsmaður tilkynnir ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 6. janúar 1994, hið sama og í bréfinu til ákærða frá sama degi.

Málið dæmt í Hæstarétti og vísað heim í hérað 23. júní 1994.

Málið sent RLR til framhaldsrannsóknar með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 12. október 1994.

Ákærði yfirheyrður hjá RLR í fimmta sinn 13. desember 1995.

Ákærða yfirheyrð hjá RLR í fimmta sinn 10. apríl 1996.

Ákærði yfirheyrður hjá RLR í sjötta sinn 10. apríl 1996.

Vitni yfirheyrt hjá RLR sama dag.

Málið sent dóminum að nýju 23. ágúst 1996.

Málið tekið fyrir í dóminum á ný 18. október 1996.

Krafa ákærvalds í dóminum um, að dómarrinn víki sæti, og krafa verjanda ákærða, að rannsóknargögn frá RLR verði tekin út úr málinu, hvort tveggja 18. október 1996.

Fyrri kröfunni í þinghaldi 18. október hafnað með úrskurði dómsins 4. nóvember 1996.

Úrskurðurinn kærður til Hæstaréttar og staðfestur þar 11. nóvember 1996.

Síðari kröfunni í þinghaldinu 18. október 1996 hafnað með úrskurði dómsins 18. nóvember 1996.

Krafa verjanda ákærða um, að ákærinni verði vísað frá dóminum, gerð 18. nóvember 1996.

Málið flutt um frávísunarkröfuna 20. nóvember 1996.

Öll meðferð máls þessa hefur, eins og fram kemur af hinu langa yfirliti hér að framan, farið mjög aflaga af hálfu ákærvalds og rannsóknaraðila málsins. Afskipti rannsóknarlögreglu af málinu hófust í framhaldi kærunnar til hennar 9. janúar 1984, og með bréfi rannsóknarlögreglu til ríkissak-

sóknara 14. nóvember 1984 hófust afskipti ákærvaldsins af málinu og leiddu til beiðni til rannsóknarlögreglu í bréfi, dagsettu 3. janúar 1985, um áframhaldandi rannsókn, sem ekki var send ríkissaksóknara fyrr en 18. apríl 1988, tveimur árum og 3½ mánuði síðar. Í september 1990 voru ákærðu yfirheyrd hvort um sig í fjórða sinn. Eftir það liðu án nokkurrar frekari rannsóknar nær full þrjú ár, þar til ákæra var gefin út í málinu, sem leiddi til sýknudóms í dóminum rúmum tveimur mánuðum eftir útgáfu ákærunnar. Sá dómur var ómerktur í Hæstarétti 23. júní 1994 og málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar, en þangað kom málið ekki aftur fyrr en með bréfi ríkissaksóknara 23. ágúst sl. og hafði áður enn einu sinni haft viðdvöl í húsakynnum rannsóknarlögreglu eftir komu þangað með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 12. október 1984. Þegar málið barst dóminum að nýju í ágúst sl., voru liðin tvö ár og tveir mánuðir frá heimvísun þess.

Í 9. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 kemur fram sú meginregla, að stjórnvald skuli taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Þykir rúmlega tólf ára volk ríkissaksóknara á málinu hafa verið með þeim fádæmum, að nú sé orðið ljóst, að hann hafi hvorki getað litið óhlutdrægt á málavöxtu, þegar ákæran var ráðin, né heldur síðan, og hafi hann bæði brostið hæfi til þess að höfða það og sækja. Er því með heimild í 30. gr. laga nr. 19/1991 og hliðsjón af 6. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga rétt að verða við kröfu verjanda ákærða og vísa ákæru málsins frá dóminum, sbr. einnig hæstaréttardóm í málinu nr. 104/1989.

Eins og lýktum máls þessa er háttað, ber að dæma um sakarkostnað, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Dráttur hefur orðið á uppkvaðningu úrskurðarins vegna anna dómarsins við önnur dómstörf.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákæru máls þessa er vísað frá dóminum.

Allur kostnaður málsins frá heimvísun þess greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðra verjanda ákærðu, Kristjáns Stefáns-sonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur, og Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.